Þýðing Sér Tækni ehf. á ensku skjali framleiðandans, Nanotech Products Pty Ltd (dags. 01.02.2024). Ef munur er á þýðingunni og frumskjalinu gildir enska frumskjalið, sem fæst á nanoman.ser.is.

LIÐUR 1: AUÐKENNI EFNISINS OG BIRGIS

Vöruheiti: Nanoman Fabric + Textile

Samheiti: Nanoman Fabric & Textile Protection, Nanoman Fabric & Textile Coating

Heiti fyrirtækis: Nanotech Products Pty Ltd (ABN 47 153 300 933)

Heimilisfang: Unit 3, 40 Ricketts Rd, Mount Waverley 3149

Sími: 1300 696 266, á skrifstofutíma frá 9:00 til 17:00, mánudaga til föstudaga

Önnur heiti: Á ekki við

Ráðlögð notkun: Til húðunar á yfirborði textíls og annarra efna til að fá vatnsfælið yfirborð sem auðvelt er að þrífa.

LIÐUR 2: HÆTTUGREINING

Hættusetningar: Engar. Varan er flokkuð sem EFNI SEM ER EKKI HÆTTULEGT.

Varnaðarsetningar (forvarnir): Engar

Varnaðarsetningar (viðbrögð): Engar

Varnaðarsetningar (geymsla): Engar

Varnaðarsetningar (förgun): P501 Fargið innihaldi/íláti í viðurkennda förgunarstöð.

LIÐUR 3: SAMSETNING/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Efnafræðileg lýsing innihaldsefna

Innihaldsefni	CAS-númer	EB-númer	Innihald
Vatn	7732-18-5		< 90%
Sérvarin innihaldsefni #			> 10%

Merkt með #: efni sem hafa verið metin hættulaus.

LIÐUR 4: RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

Almenn ráð: Farið úr menguðum eða gegnblautum fatnaði.

Innöndun: Ekki er búist við hættu af innöndun. Komið viðkomandi burt af svæðinu þar sem váhrifin eiga sér stað. Farið með þá sem urðu fyrir áhrifum út í ferskt loft. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.

Inntaka: Látið sjúklinginn skola munninn með vatni. Látið sjúklinginn drekka mikið vatn í litlum sopum. Framkallið ekki uppköst. Ef sjúklingurinn kastar upp af sjálfu sér skal láta sjúklinginn halla sér fram til að draga úr hættu á að uppköst berist niður í lungu. Leitið læknis.

Snerting við húð: Þvoið strax af með miklu vatni. Leitið læknis ef bólga, roði, blöðrur eða erting koma fram.

Snerting við augu: Haldið augnlokinu opnu og skolið strax vandlega í að minnsta kosti 5 mínútur með miklu vatni eða augnskolvökva. Leitið læknis ef erting kemur fram.

Athugasemdir til læknis:	Ekkert sértækt. Meðhöndlað eftir einkennum.

LIÐUR 5: RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVISTARFA

Sérstakar ráðstafanir:	Notið slökkviaðferðir sem henta umhverfinu.
Sérstakar hættur:	Engar. Varan sjálf er ekki brennanleg.
Hazchem-kóði:	Á ekki við
Varúðarráðstafanir fyrir slökkvilið:	Ekki er þörf á sérstökum hlífðarbúnaði.

LIÐUR 6: RÁÐSTAFANIR VEGNA EFNA SEM SLEPPA ÚT FYRIR SLYSNI

Varúðarráðstafanir fyrir einstaklinga

Ef efnið hellist niður er sérstök hætta á að fólk renni til á efninu sem lekið hefur eða hellst niður. Afmarkið hættusvæðið og bannið aðgang að því.

Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Komið í veg fyrir að vökvinn berist í fráveitur. Hleypið honum ekki í yfirborðsvatn, regnvatnsniðurföll o.s.frv.

Lítill leki

Gerið strax ráðstafanir til að stöðva lekann og hefta útbreiðslu hans. Gæta skal varúðar varðandi öryggi starfsfólks og váhrif frá efninu sem hellst hefur niður. Látið pappírsþurrkur drekka lítinn leka í sig og látið hann gufa upp á öruggum stað. Skolið mengaða svæðið með miklu vatni.

Mikill leki

Stöðvið lekann ef það er hægt án áhættu. Takmarkið aðgang að svæðinu þar til hreinsun er lokið. Mikið magn skal láta sand, mold eða óbrennanlegt ísogsefni drekka í sig og flytja á öruggt svæði til förgunar. Skolið mengaða svæðið með miklu vatni.

LIÐUR 7: MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun og geymsla

Geymist þar sem börn ná ekki til. Forðist snertingu við augu og endurtekna eða langvarandi snertingu við húð.

Skilyrði fyrir öruggri geymslu

Geymið ílátið vel lokað á köldum, þurrum og vel loftræstum stað, fjarri beinu sólarljósi. Ílátum sem hafa verið opnuð verður að loka vandlega aftur og geyma upprétt til að koma í veg fyrir leka. Athugið reglulega hvort leki sé til staðar.

LIÐUR 8: VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Innlend váhrifamörk:	Engin gildi hafa verið ákvörðuð fyrir þetta tiltekna efni.
Aðrar upplýsingar um váhrif:	Á ekki við
Viðeigandi tæknilegar varnir:	Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Ef efnið er notað innandyra skal hafa glugga og dyr opna meðan á notkun stendur. Hafið ílát lokuð þegar þau eru ekki í notkun.
Öndunarhlífar:	Þar sem loftræsting er ekki fullnægjandi getur verið þörf á öndunarhlífum. Forðist að anda að ykkur gufu eða úða.
Augnhlífar:	Notið öryggisgleraugu með hliðarhlífum eftir því sem við á.

Húðvarnir:	Mælt er með hlífðarhönskum úr PVC, neoprengúmmíi eða nítrílgúmmíi.
Annar hlífðarfatnaður og búnaður:	Endanlegt val á persónuhlífum ræðst af aðstæðum hverju sinni og/eða áhættumati sem gert hefur verið.
Hollustuhættir:	Þvoið ávallt hendur áður en reykt er, borðað eða farið á salerni. Þvoið mengaðan fatnað og annan hlífðarbúnað áður en hann er geymdur eða notaður aftur.
Skófatnaður:	Mælt er með öryggisskóm við iðnaðaraðstæður.

LIÐUR 9: EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Form:	Vökvi
Útlit:	Litlaus
Lykt:	Lyktarlaus
Bræðslumark:	Á ekki við
Suðumark:	100 °C
Leysni í vatni:	Blandast fullkomlega
Blossamark:	Á ekki við
Gufuþrýstingur:	Ekki ákvarðaður
Eðlisþyngd:	Ekki ákvörðuð
Eðlismassi:	1 ± 0,03 g/cm³ við 20 °C
Íkveikjuhitastig:	Á ekki við
Uppgufunarhraði:	Ekki ákvarðaður
Sprengimörk:	Á ekki við
pH (500 g/l H2O):	3,0-5,0 (50% í vatni)
Kvik seigja:	1-10 mPas
Hreyfiseigja:	Ekki ákvörðuð
Rokgjörn lífræn efni (VOC):	Á ekki við

LIÐUR 10: STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Efnafræðilegur stöðugleiki:	Stöðugt við venjuleg notkunarskilyrði.
Skilyrði sem ber að varast:	Engar frekari viðeigandi upplýsingar liggja fyrir.
Ósamrýmanleiki (efni sem ber að varast):	Engar frekari viðeigandi upplýsingar liggja fyrir.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Efnið brotnar ekki niður við venjulega notkun.
Hættuleg efnahvörf:	Engin þekkt.

LIÐUR 11: EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Almennt

Samkvæmt reynslu okkar og þeim upplýsingum sem okkur hafa verið veittar hefur þessi vara engin skaðleg áhrif á heilsu ef hún er meðhöndluð í samræmi við þetta öryggisblað og merkimiða vörunnar.

Athugasemd þýðanda: Í enska frumtextanum stendur „does present any adverse health effects“. Orðið „not“ vantar þar augljóslega og setningin er þýdd samkvæmt því.

Inntaka

Ólíklegt við venjuleg váhrif á vinnustað, en ef lítið magn er gleypt getur það valdið ógleði og uppköstum.

Snerting við augu

Getur verið ertandi fyrir augu.

Snerting við húð

Snerting við húð getur valdið ertingu.

Innöndun

Þar sem efnið er notað á illa loftræstu svæði, við hækkað hitastig eða í lokuðu rými getur gufa valdið ertingu í slímhúð öndunarvegar.

LIÐUR 12: VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Vistfræðilegar upplýsingar

Ekki er gert ráð fyrir neinum vistfræðilegum vandamálum þegar varan er meðhöndluð og notuð af tilhlýðilegri aðgát og athygli.

Visteiturhrif

Forðist að menga vatnsföll.

LIÐUR 13: FÖRGUN

Því sem ekki er hægt að endurheimta eða endurvinna skal farga í samræmi við viðeigandi reglur sveitarfélaga, fylkja og alríkisstjórnvalda.

LIÐUR 14: UPPLÝSINGAR UM FLUTNINGA

	Landflutningar	**Sjóflutningar (IMDG / IMO)**	**Flugflutningar (IATA / ICAO)**
UN-númer	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Rétt sendingarheiti	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur hættulegs farms	Ekki hættulegt	Ekki hættulegt	Ekki hættulegt
Hættuauðkennisnúmer	Ekki hættulegt	Ekki hættulegt	Ekki hættulegt
Hazchem-kóði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Pökkunarflokkur	Ekki hættulegt	Ekki hættulegt	Ekki hættulegt
Sjávarmengunarvaldur	nei	nei	nei

LIÐUR 15: UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Flokkun: Ekki flokkað sem hættulegt.

Eiturefnaskrá (Poisons Schedule): Ekki skráð.

LIÐUR 16: AÐRAR UPPLÝSINGAR

FYRIRVARI: Upplýsingarnar í þessu öryggisblaði eru taldar réttar og voru fengnar frá heimildum sem við teljum áreiðanlegar. Þar sem gögn, öryggisstaðlar og reglur stjórnvalda geta breyst og aðstæður við meðhöndlun og notkun, eða misnotkun, eru utan okkar stjórnar veitum við hins vegar enga ábyrgð, hvorki beina né óbeina, á því að upplýsingarnar hér séu tæmandi eða nákvæmar. Nanotech Products veitir engar yfirlýsingar, tryggingar eða ábyrgðir af neinu tagi um nákvæmni, hentugleika til tiltekinnar notkunar, hættur sem tengjast notkun efnisins eða þann árangur sem næst með notkun þess. Notandinn tekur á sig alla áhættu og ábyrgð á hvers kyns notkun, vinnslu eða meðhöndlun efnisins. Breytileiki í aðferðum, aðstæðum og búnaði sem notaður er til að geyma, meðhöndla eða vinna efnið og hættur sem tengjast notkun þess eru alfarið á ábyrgð notandans og að hans eigin mati. Notandinn ber ábyrgð á því að farið sé að öllum gildandi lögum og reglum alríkis, fylkja og sveitarfélaga og ber ábyrgð á því að tryggja öruggan vinnustað, skoða alla þætti starfseminnar og ákvarða hvort eða hvar þörf sé á varúðarráðstöfunum umfram þær sem lýst er hér.